**16. Miðstjórnarfundur RSÍ**
**haldinn föstudaginn 1 desember 2000**

Mættir: Haraldur Jónsson, Helgi Jónsson, Ómar Baldvinsson,Georg Georgsson, Valtýr Guðbrandsson, Jón Aðalsteinsson, Jens H. Ragnarsson, Frosti Frostason, Ísleifur Tómasson, Helgi Þorvaldsson, Rúnar Bachmann, Elmar H Elmars, Björn Ágúst Sigurjónsson, Sigurgeir Ólafsson, Hermann Lúðvíksson, Andri Jóhannesson, Einar Á. Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Páll Valdimarsson, Guðmundur Gunnarsson, og Haukur Ágústsson.

Dagskrá:
1. Staðan gagnvart ASÍ.
2. Samningar
3. Orlofsmál.
4. Önnur mál.

Fundur settur kl. 15:00

Til fundarins var boðið þeim trúnaðarmönnum RSÍ sem sátu ASÍ þingið.

**1. Staðan gagnvart ASÍ.**
Í framhaldi af þeim atburðum sem gerðust á síðasta ASÍ þingi var tekin til umræðu eftir hvaða áætlunum RSÍ ætlaði að vinna. Í umræðum kom fram að flestir innan miðstjórnar vilja slá öllum aðgerðum á frest meðan kólnar í helstu glæðum sem mynduðust á þinginu, en endurmeta stöðuna í byrjun næsta árs, þó voru uppi einstakar raddir sem vildu hefja undirbúning að úrsögn hið fyrsta.
Einnig kom fram hugmynd um að taka slaginn við VR strax og láta sverfa til stáls.
Gagnrýnt var af Páli Valdimarssyni að formaður RSÍ skyldi ekki gefa kost á sér við miðstjórnarkjör þar sem engin annar fulltrúi gæti verið þar vegna stefnu RSÍ um að sterkustu menn sambandsins sætu í slíkum stöðum.
Aðrir sem tóku til máls töldu að ekki hefði verið um annað að ræða í stöðunni, til að gera óvönduð vinnubrögð innan verkalýðshreyfingarinnar sýnileg og ýta á eftir úrbótum.

**2. Samningar**
Samningur Vélstjórafélags Íslands og RSÍ við Landvirkjun vegna starfa á framleiðsluvakt við fjarstýribúnað í stjórnstöð Landsvirkjunar við Bústaðaveg 7, lagður fram og staðfestur (FSKJ 1).
Rarik hefur boðið um það bil 15% launakostnaðarauka í sínum samningum en var svarað að meira þurfi að koma til td. með tilfærslum milli launaflokka næsta vor.
Landsvirkjun, búið er að leggja fram kröfugerð.
FÍS, kröfur að verða klárar verða lagðar fram í næstu viku.
Ratsjárstofnun og Kögun, eru í biðstöðu
Verksmiðjurnar, viðræður um launaliði verða í næstu viku.
Ísal, Nýjar hugmyndir hafa verið settar fram af Ísal og verða þær metnar í byrjun næstu viku.
Í nýjum upplýsingum frá Kjararansóknarnefnd kemur fram að laun hafa hækkað verulega og var því samþykkt að óska eftir því við SART að nýjum launaflokki yrði bætt við, í samræmi við yfirlýsingar í síðustu samningalotu.

**3. Orlofsmál.**
Endurskoðuð framkvæmdaáætlun fyrir Orlofssjóð lögð fram.
Þar er lagt til að hluta af framkvæmdum í stóra húsinu við Apavatn yrði frestað og eingöngu væri farið út í breytingar á salerni og sturtum í fyrsta áfanga. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna breytinga í fyrsta áfanga fari úr um 6 m. niður í um 3 m.
Formanni Orlofsnefndar og gjalkera RSÍ veitt vald til að ganga frá samningum við verktaka ef tilboð eru innan þessa ramma.

Veruleg ásókn er í íbúðir okkar í Reykjavík og leggur orlofsnefnd ríka áherslu á að veitt verði heimild til íbúðarkaupa í sömu blokk og hinar íbúðirnar eru, því ganga þarf fljótt frá tilboði ef íbúð býðst.
Í Skorradal eru endurbætur í gangi.
Við Apavatn eru framkvæmdir við nýja húsið komnar vel af stað.

**6. Önnur mál.**
Lagt var fram bréf frá Fræðsluskrifstofu Rafiðnaðarins (FSKJ 2).þar sem óskað var eftir endurskoðun á tilnefningu í fagnefndir rafvirkja. Miðstjórn vísaði málinu til formanna rafvirkjafélaganna til úrlausnar.
Tillaga um að styrkur til líkamsræktar sem og námskeiðsstyrkir yrðu hækkaðir í 10.000 var samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:00

Haukur Ágústsson